




# ORKUMÁL 1999



ORKUSTOFNUN

Nr. 52





# ORKUMÁL 1999

## **Merking tákna í töflum**

- “ endurtekning
- núll, þ.e. ekkert
- 0 talan er minni en helmingur þeirrar einingar, sem notuð er
- . talan á ekki að koma eðli málsins samkvæmt
- ... upplýsingar vantar eða niðurstaða ekki marktæk
- \* bráðabirgðatala eða áætlun
- ( ) tala í sviga er ekki meðtalin í samtölu

### **Gefið út af Orkustofnun**

Ritstjóri: Árni Ragnarsson  
Ljósmynd á forsiðu: Ingibjörg Kaldal  
Prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi hf.

# Inngangsorð

Ritið Orkumál hefur að geyma tölulegar upplýsingar um íslensk orkumál. Það var gefið út reglulega af raforkumálastjóra og síðar Orkustofnun á árunum 1959–1985, en eftir það lá útgáfan niðri í allmörg ár. Þráðurinn var tekinn upp aftur fyrir fáum árum og nú hafa komið út Orkumál fyrir árin 1994–1998.

Það hefti sem hér birtist er nr. 52 og geymir efni frá 1999. Efni þess og framsetning er nánast eins og í síðustu fimm heftum, þannig að töflur og myndir eru þær sömu, aðeins með nýjum gögnum. Nokkrar minni háttar endubætur hafa þó verið gerðar frá síðustu útgáfu.

Áformað er að í kjölfar þessa heftis komi út Orkumál fyrir árin 2000–2002. Eftir það er þess vænst að ritið komi út árlega með efni frá árinu á undan. Ætlunin er að gera árunum 1983–93 skil í sérstakri útgáfu, en efni þessara árganga verður óhjákvæmilega misítarlegt.

Í desember 2003

Þorkell Helgason  
orkumálastjóri

Árni Ragnarsson  
deildarstjóri orkubúskapardeildar

# Efnisyfirlit

Merking tákna .....	2
Inngangsorð .....	3
Efnisyfirlit .....	4

## Textahluti

<b>Raforkuiðnaðurinn 1999</b> .....	<b>5</b>
Vinnsla raforku á Íslandi 1904–1999 .....	5
Raforkuvinnsla 1999 .....	6
Miðlunarlón 1999–2000 .....	7
Raforkusala 1999 .....	8
Heildsala á raforku 1999 .....	8
Raforkusala til stórnotenda 1999 .....	9
Raforka til endanlegra notenda 1999 .....	10
Raforkukerfi Íslands 1999 .....	11
Nýting jarðhita á Íslandi 1999 .....	12
<b>Almenningshitaveitur 1999</b> .....	<b>13</b>
Almennar upplýsingar um hitaveitur í árslok 1999 .....	13
Vinnslu- og aðveitukerfi hitaveitna í árslok 1999 .....	13
Dreifikerfi og dælustöðvar í árslok 1999 .....	13
Orkuöflun hitaveitna 1999 .....	13
<b>Notkun eldsneytis 1999</b> .....	<b>14</b>
Eldsneytisnotkun í íslenskum þjóðarbúskap 1987–1999 .....	14
Losun á koltvísýringi frá brennslu eldsneytis í íslenskum þjóðarbúskap 1987–1999 .....	14
Eldsneytisnotkun innanlands 1999 .....	15
Eldsneytisnotkun alls í íslenskum þjóðarbúskap 1999 .....	15

## Töfluhluti

Töfluyfirlit .....	17
Raforkuvinnsla .....	18
Raforkusala .....	29
Raforkuverð .....	45
Flutningskerfi raforku .....	47
Hitaveitur .....	48
Eldsneyti .....	56
Frumorka .....	63
<b>Um mælieiningar afls og orku</b> .....	<b>64</b>


## VINNSLA RAFORKU Á ÍSLANDI 1904–1999

Árið 1904 fengu fyrstu almennu notendurnir rafmagn frá 9 kW (0,009 MW) rafstöð sem Jóhannes Reykdal kom upp við Hamarskotslæk í Hafnarfirði í þeim tilgangi að lýsa trésmíðaverkstæði sem hann átti og knýja smíðavélarnar. Á fyrstu tveimur áratugum aldarinnar komu ýmis kaптúnasveitarfélög upp hjá sér rafstöðvum og á árunum 1921–1933 virkjaði Reykjavík Elliðaárnar. Á fjórða áratugnum kom virkjun Ljósafoss í Sogi og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu við Brúar, sem Akureyri stóð fyrir. Á seinni stríðsárunum og þar á eftir óx raforkunotkunin óðfluga, m.a. vegna þess að farið var að elda með rafmagni, en nýjar vatnsaflsvirkjanir komust fyrst í gagníð snemma á sjötta áratugnum með Írafossvirkjun í Sogi 1953, annarri virkjun í Laxá við Brúar sama ár og virkjunum í Grímsá, Mjólka, Þverá í Steingrímsfirði, Gönguskarðsá í Skagafirði, Laxá á Ásum og Steingrímsstöð í Sogi, síðustu Sogsvirkjuninni, 1959. Næstar komu Búrfellsvirkjun 1969, þriðja virkjunin í Laxá við Brúar 1973, Sigölduvirkjun 1977, Hrauneyjafossvirkjun 1981, Blönduvirkjun 1991 og Sultartangavirkjun 1999.

Olíumótorar og síðar dísil-mótorar gegndu víða mikilvægu hlutverki. En af algengustu tegund rafstöðva í

heiminum, gufufafstöðvum, hefur aðeins ein verið reist á Íslandi, varastöðin við Elliðaár, sem kom í gagníð 1948, en hefur nú verið lögð niður. Hún var m.a. gerð fyrir að brenna íslenskum surtarbrandi en til þess hefur aldrei komið nema til reynslu. Gashverfilstöð var reist við Straumsvík 1969, en hún hefur aldrei gegnt hlutverki varastöðvar. Eftir seinni heimsstyrjöldina voru gerðar tilraunir í Hveragerði með að láta jarðgufu snúa gufuhverfli til raforkuvinnslu og hugmyndir voru uppi um þesskonar vinnslu í Krísvík á vegum Rafveitu Hafnarfjarðar. Langt var komið undirbúningi 30 MW jarðgufuvirkjunar í Hveragerði en hætt var við hana þegar ákveðið var að reisa álverið og virkja Þjórsá við Búrfell. Fyrsta jarðgufustöðin á Íslandi sem kom í eiginlegan rekstur var 3 MW stöð í Bjarnarflagi sem komst í gagníð 1969. Raforkuvinnsla með jarðgufu hófst í Svartsengi og Kröflu 1977 og á Nesjavöllum 1998.

Myndin hér að neðan sýnir hvernig raforkuvinnsla á Íslandi hefur þróast frá 1920. Henni er skipt á eldsneyti, jarðhita og vatnsorku, sem alla tíð hefur staðið undir yfirgnæfandi hluta hennar. Vinnsla með olíu var nokkur eftir stríðið og fram yfir 1950 og aftur frá 1965 fram til 1984 þegar hringtengingu landsins með byggðalínunum lauk og allir landshlutar fengu aðgang að rafmagni frá vatnsaflsstöðvunum. Vinnsla með jarðgufu hefur farið vaxandi frá 1980, og nam árið 1999 15,8% af heildinni.



Mynd 1.1 Raforkuvinnsla á Íslandi 1920-1999.

## RAFORKUVINNSLA 1999

Vinnsla raforku nam alls 7.185 GWh árið 1999. Hún skiptist á orkugjafa sem hér segir og er vinnslan 1998 sýnd til samanburðar:

1999	GWh	%
Vatnsorka	6.043	84,1
Jarðhiti	1.138	15,8
Olía	4	0,1
Alls	7.185	100,0

1998	GWh	%
Vatnsorka	5.617	89,5
Jarðhiti	655	10,4
Olía	4	0,1
Alls	6.276	100,0

Mynd 1.2 sýnir skiptingu raforkuvinnslunnar 1999 eftir orkugjöfum.

Notkun raforku skiptist í fastaorku annars vegar og ótryggða orku og sérsamninga hins vegar eins og sýnt er í eftirfarandi töflu og á mynd 1.3:

1999	GWh	%
Fastaorka	6.223	90,4
Ótryggð orku og sérsamn.	658	9,6
Flutn.töpu og eigin notk. LV	304	
Alls	7.185	100,0

1998	GWh	%
Fastaorka	5.147	86,3
Ótryggð orku og sérsamn.	815	13,7
Flutn.töpu og eigin notk. LV	314	
Alls	6.276	100,0


Verg raforkunotkun, þ.e. notkun að flutnings- og dreiftöpum meðtöldum, er jöfn vinnslunni hér á landi þar eð hvorki er um að ræða útflutning né innflutning á raforku. Þetta er ólíkt því sem á við um flest nágrannalönd okkar.

Árið 1999 skiptist verg raforkunotkun sem hér segir milli höfuðflokka notenda; almennra notenda og stóriðju. Árið 1998 er sýnt til samanburðar:

1999	GWh	%
Stóriðja	4.485	62,4
Almenn notkun	2.701	37,6
Alls	7.185	100,0

1998	GWh	%
Stóriðja	3.665	58,4
Almenn notkun	2.611	41,6
Alls	6.276	100,0


Mynd 1.4 sýnir skiptinguna milli almennrar notkunar og stóriðju 1999.



Mynd 1.2 Vinnsla raforku á Íslandi 1999 eftir orkulindum.



Mynd 1.3 Verg raforkunotkun 1999 eftir tegundum raforku.




Mynd 1.4 Verg raforkunotkun 1999 eftir megintegundum notkunar.



Vinnsla raforkunnar skiptist á fyrirtæki 1999 sem hér segir:

	GWh	%
Landsvirkjun	6.314	87,9
Orkuveita Reykjavíkur	488	6,8
Hitaveita Suðurnesja	150	2,1
Rafmagnsveitur ríkisins	125	1,7
Aðrir	108	1,5
Alls	7.185	100,0

Mynd 1.5 sýnir skiptingu vinnslunnar eftir fyrirtækjum 1999.



Mynd 1.5 Vinnsla raforku á Íslandi 1999 eftir fyrirtækjum.

## MIÐLUNARLÓN 1999–2000

Í landi eins og Íslandi, sem byggir raforkuvinnslu sína að langmestu leyti á vatnsorku, er nauðsynlegt að hafa miðlunarlon til að geta lagað raforkuvinnsluna að eftirspurninni. Hún er mest að vetrinum þegar vatnsrennslið í ánum er minnst. Rennslið er aftur á móti mest að vorinu og snemma sumars þegar snjóa er að leysa á hálandinu og á jöklum að sumrinu.

Miðlunarlónin eru einskonar vatnshlöður raforkubúskaparins sem geyma þennan afrakstur sumarsins til notkunar að vetrinum. Miðlunarlónin eru gjarnan full – eða a.m.k. í hámarki, ef þau ná ekki að fyllast – síðari hluta sumars, en það lækkar í þeim þegar kemur fram á veturinn og í lágmarki eru þau gjarna snemma vors um mánaðarmótin apríl–maí.

Almanaksárið er af þessum sökum óhentugt tímabil til að miða rekstur miðlunarlóna við. Mun heppilegra er að miða hann við svonefnt vatnsár, sem hér á landi og í

mörgum öðrum norðlægum löndum er talið frá septemberbyrjun til loka ágúst árið eftir. Er svo gert hér.

Tvennt einkennir miðlunarlón: Annars vegar nafnrými þess, þ.e. rúmmál þess vatns í lóninu sem ætlað er vera nýtanlegt til vatnsmiðlunar, gjarnan mælt í gígalítrum, Gl, þ.e. milljörðum lítra eða milljónum rúmmetra, sem er það sama, og hins vegar nafnorka þess; sú orka sem fæst úr nafnrýminu annars vegar og hins vegar af samanlagðri fallhæð þeirra raforkuvera sem vatninu er hleypt í gegnum.

Nafnrýmið er rúmmál þess vatns sem lóninu er ætlað að rúma fullt við venjulegar kringumstæður. En oft er unnt að „yfirfylla“ lónið lítið eitt; að sýnu leyti alveg eins og hægt er að „yfirkeyra“ vél; þ.e. láta hana skila meiru afli en stimplað er á nafnspjald hennar.


Nafnrými og nafnorka helstu miðlunarlóna í íslenska raforkuvinnslukerfinu var sem hér segir í árslok 1999:

	Nafnrými Gl	Nafnorka GWh
Þórisvatn	1.330	1.024
Hágöngulón	320	246
Krókslón (Sigalda)	90	69
Hrauneyjalón	33	20
Sultartangalón	109	42
Blöndulón	410	280
Önnur lón	274	46
Alls	2.566	1.727

Talið er að vinnslugeta vatnsaflsstöðvanna í íslenska raforkuvinnslukerfinu á fastaorku, þ.e. orku sem er tiltæk í sem næst öllum árum, hvert sem vatnsárferði er, sé nú 5.940 GWh á ári. Samkvæmt því er nafnorka miðlananna 29,1% af vinnslugetunni; þ.e. þær geta geymt rúmlega fjórðung þeirrar orku sem vatnsaflsstöðvarnar geta unnið. Þetta er nokkru lægra hlutfall en í ýmsum öðrum vatnsaflslöndum eins og til dæmis Noregi, þar sem þetta hlutfall er milli 40 og 50%.

Vatnsárið 1999–2000 var orka í miðlunarlónum í hámarki 23. ágúst 2000 þegar hún var jöfn nafnorku þeirra. Minnst orka var í lónunum 27. mars 2000, 28% af nafnorku.

Mynd 1.6 sýnir rekstur miðlunarlónanna 1999–2000. Þórisvatn er það miðlunarlón sem langmestu máli skiptir en síðan Blöndulón. Sigöldulón hefur lítið verið nýtt þetta vatnsár. Mjög lítið munar um Hrauneyjalón og Sultartangalón til slíkrar miðlunar milli árstíða en þau gera samt mikið gagn til að jafna dægursveiflur og þau draga stórlega úr ístruflunum að vetri. Miðlunarrými á Þjórsársvæðinu jókst með tilkomu Hágöngulóns árið 1998.



Mynd 1.6 Rekstur miðlunarlóna 1999–2000.

## RAFORKUSALA 1999

Eftirfarandi tafla gefur heildaryfirlit yfir raforkunotkun á árinu 1999:

	1999 GWh	1998 GWh	Aukn. %
Flutningstöp	304	314	-3,2
Stórnotkun	4.283	3.470	23,4
Almenn notkun	2.598	2.492	4,3
Alls (vinnsla)	7.185	6.276	14,5
Alm. notk., forgangsorka	2.298	2.227	3,2
Alm. notk., ótryggð orka	299	265	12,8
Alls	2.598	2.492	4,2
Stórnotk. m. flutn.töpum	4.485	3.665	22,4
Alm. notk. m. flutn.töpum	2.701	2.611	3,5
Alls	7.185	6.276	12,5

Almenn raforkunotkun er nokkuð breytileg eftir loftþita. Til þess að marktækur samanburður fái milli ára verður því að leiðrétta mælda notkun eftir frávik loftþitans frá meðallagi. Sem meðallag er notaður meðalhiti árunna 1949–1994, 4,5°C. Eftirfarandi tafla sýnir almenna raforkunotkun við meðallagshita:

	1999	1998	Aukn.
Ársmeðalhiti, °C	4,50	4,69	
	GWh	GWh	%
Almenn notkun, án flutningstapa	2.597	2.497	4,0
Almenn notkun, með flutningstöpum	2.701	2.628	2,8

## HEILDSALA Á RAFORKU 1999


Seljendur forgangsorku í heildsölu 1999 voru þrjár. Hlutur þeirra í raforkusölu og heildsölutekjur fyrir afslætti voru sem hér segir:

	Sala GWh	Tekjur Mkr	Meðaltekjur kr/kWh
Seljandi			
Landsvirkjun	1.910	6.248	3,27
Rafmagnsv. ríkisins	189	671	3,55
Andakilsárvirkjun	76	212	2,79
Alls	2.175	7.131	3,28

Bæði Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins veittu afslátt frá venjulegu heildsöluverði af rafmagni sem fór til hitunar húsa og notkunar í fiskeldisstöðvum, og auk þess sérafslátt samkvæmt sérstökum samningum þar um. Eftir þennan afslátt voru tekjur þeirra sem hann veittu þessar:

	Sala GWh	Tekjur Mkr	Meðaltekjur kr/kWh
Seljandi			
Landsvirkjun	1.910	6.116	3,20
Rafmagnsv. ríkisins	189	666	3,52

Andakilsárvirkjun veitti ekki afslátt af rafmagni í heildsölu.



Mynd 1.7 Skipting forgangsorku í heildsölu 1999 eftir seljendum.

Helstu kaupendur að forgangsorku í heildsölu 1999 voru þessir:

Kaupandi	Kaup GWh	Verð Mkr	Meðalverð kr/kWh
Hitav. Suðurnesja	94,2	301,1	3,20
Rafv. Hafnarfjarðar	85,0	268,0	3,15
Orkuveita Rvíkur	788,7	2.534,5	3,21
Rafmagnsv. ríkisins	817,9	2.701,1	3,20
Orkubú Vestfjarða	68,3	245,3	3,59
Rafveita Akureyrar	88,4	288,6	3,27
Aðrir	232,3	792,4	3,41


Ofangreind verð eru án afsláttar. Með afslætti leit dæmið þannig út:

Kaupandi	Kaup GWh	Verð Mkr	Meðalverð kr/kWh
Hitav. Suðurnesja	94,2	277,7	2,95
Rafmagnsv. ríkisins	817,9	2.608,5	3,19
Orkubú Vestfjarða	68,3	229,5	3,36
Aðrir	1.194,4	3.878,9	3,25

Rafveita Hafnarfjarðar, Orkuveita Reykjavíkur og Rafveita Akureyrar nutu ekki afsláttar.

Mynd 1.7 sýnir heildsölu á forgangsorku 1999 eftir seljendum. Hluttur Landsvirkjunar er þar afgerandi stærstur, með 87,8% sölunnar. Hluttur Rafmagnsveitna ríkisins er 8,7% og Andakilsárvirkjunar 3,5%.

Mynd 1.8 sýnir heildsöluna á forgangsorku eftir kaupendum. Stærstu kaupendurnir eru Rafmagnsveitur ríkisins með 37,6% heildarokaupanna og Orkuveita Reykjavíkur með 36,3% eða samtals 73,9%. Aðrir keyptu 26,1%.




Mynd 1.8 Skipting forgangsorku í heildsölu 1999 eftir kaupendum.

## RAFORKUSALA TIL STÓRNOTENDA 1999

Stórnotandi nefnist raforkunotandi sem notar að jafnaði 100 GWh á ári eða þar yfir. Slíkir notendur kaupa oftast nær raforkuna beint af framleiðanda, án milligöngu dreifiveitu.

Hér á landi er Landsvirkjun eini seljandi raforku til stórnotenda. Árið 1999 seldi fyrirtækið slíkum notendum raforku eins og sýnt er í eftirfarandi töflu og á mynd 1.9:


Kaupandi	Fastaorka GWh	Ötryggð orka GWh	Orka samtals GWh
Ísl. álfélagið	2.450	162	2.612
Ísl. járnblendifélagið	594	77	671
Áburðarverksmiðjan	40	82	122
Norðurál	837	41	878
Alls	3.921	363	4.283



Mynd 1.9 Raforkusala til stórnotenda 1999.

## RAFORKA TIL ENDANLEGRA NOTENDA 1999

Árið 1999 var sala á raforku til endanlegra notenda sem hér segir, greind eftir helstu hópum notenda samkvæmt alþjóðlegum staðli um flokkun efnahagslegrar starfsemi. Þetta er einnig sýnt á mynd 1.11:




Mynd 1.10 Skipting raforku til endanlegra notenda 1999 eftir landshlutum.

Flokkun notkunar	Raforka GWh
Landbúnaður	185
Matvælaíðnaður	228
Efnaiðnaður	271
Undirstöðuiðnaður úr járn og stáli	674
Undirst.íðn. úr ójárnkenndum málum	3.490
Annar iðnaður	181
Veitur	384
Opinber þjónusta	198
Viðskipti, handiðnir og önnur þjónusta	389
Heimilisnotkun	610
Varnarliðið	72
Önnur notkun	64
Alls	6.746

Eftir landshlutum skiptist raforkusala til endanlegra notenda eins og sýnt er í eftirfarandi töflu og á mynd 1.10:

Landshluti	GWh
Suðurnes	215
Höfuðborgarsvæðið	3.571
Vesturland	1.731
Vestfirðir	184
Norðurland	413
Austurland	281
Suðurland	351
Alls	6.746




Mynd 1.11 Raforkusala til endanlegra notenda 1999 eftir helstu notkunarflokkum.

# RAFORKUKERFI ÍSLANDS 1999



# NÝTING JARÐHITA Á ÍSLANDI 1999



# Almenningshitaveitur 1999

## ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM HITAVEITUR Í ÁRSLOK 1999

Fjöldi íbúa á orkuveitusvæðum hitaveitna	247.759
Fjöldi íbúa með hitaveitu	243.040
Fjöldi gjaldenda hitaveitna	67.304
Heildarrúmmál húsa á orkuveitusvæði, þús. m <sup>3</sup>	76.156
Rúmmál húsa með hitaveitu, þús. m <sup>3</sup>	68.429
Rúmmál íbúðarhúsa með hitaveitu, þús. m <sup>3</sup>	39.107

## VINNSLU- OG AÐVEITUKERFI HITAVEITNA Í ÁRSLOK 1999

Fjöldi virkjaðra borholna	142
Heildarafköst virkjaðra borholna, l/s	5.581
MW	1.333
Samanlögð lengd safn- og aðveituæða, km	
Úr stáli	347
Úr asbesti	147
Úr plasti	12,6
Alls	506
Hámarksafköst vinnslukerfis, MW	1.560

## DREIFIKERFI OG DÆLUSTÖÐVAR Í ÁRSLOK 1999

Samanlögð lengd dreifikerfis, km	
Úr stáli	2.503
Úr asbesti	2,0
Úr plasti	78,5
Alls	2.584
Samanlögð stærð miðlunargeyma, m <sup>3</sup>	129.077

## ORKUÖFLUN HITAVEITNA 1999


Heildarvatnsmagn tekið úr jarðhitakerfum, þúsundir m<sup>3</sup> 84.384

Varmaöflun 1999, %	
Jarðhiti	96,0
Rafmagn	3,3
Olía	0,5
Annað	0,2

Orkuöflun hitaveitna 1999 skiptist þannig á stærstu fyrirtækin (TJ):

Orkuveita Reykjavíkur	10.867
Hitaveita Suðurnesja	1.926
Hitaveita Akureyrar	800
Selfossveitur bs.	423
Aðrar	4.681
Alls	18.697

Þessi skipting er sýnd á mynd 2.1.



Mynd 2.1 Orkuvinnsla íslenskra hitaveitna 1999 eftir fyrirtækjum.

## ELDSNEYTISNOTKUN Í ÍSLENSKUM ÞJÓÐAR- BÚSKAP 1987–1999

Mynd 3.1 sýnir heildarnotkun eldsneytis í íslenskum þjóðarbúskap, þ.e. bæði innanlandsnotkun og notkun í flugi og siglingum milli landa á vegum íslenskra fyrirtækja tímabilið 1987–1999.

Mynd 3.2 sýnir skiptingu í notkun innanlands annars vegar og í samgöngum milli landa, þ.e. í flugi og siglingum hins vegar. Eins og myndin sýnir fer umtalsverður hluti af allri eldsneytisnotkun í íslenskum þjóðarbúskap í að halda uppi samgöngum við umheiminn, bæði vegna legu landsins og umsvifa Íslendinga í flugi yfir Norður-Atlantshaf.


## LOSUN Á KOLTVÍSÝRINGI FRÁ BRENNSLU ELDSNEYTIS Í ÍSLENSKUM ÞJÓÐAR- BÚSKAP 1987–1999

Allri brengslu á eldsneyti fylgir óhjákvæmilega losun á koltvísýringi, CO<sub>2</sub>, út í andrúmsloftið.


Koltvísýringur er gróðurhúsalofttegund sem kann að valda hækkun hitastigs á jörðinni. Íslendingar hafa eins og fjölmargar aðrar þjóðir, undirritað viljayfirlýsingu um að halda losun sinni á honum í skefjum, þannig að hún verði ekki meiri árið 2000 en árið 1990. Það er því mikilvægt að fylgjast með henni.

Mynd 3.3 sýnir heildarlosun koltvísýrings frá brengslu eldsneytis 1987–1999.


Mynd 3.4 sýnir losun koltvísýrings vegna innanlandsnotkunar, millilanda- notkunar og heildarnotkunar. Slitróttar láréttar línur sýna losunina 1990 vegna innanlandsnotkunar og heildarnotkunar.



Mynd 3.1 Heildarnotkun eldsneytis í íslenskum þjóðarbúskap 1987–1999.




Mynd 3.2 Notkun eldsneytis innanlands og í samgöngum milli landa 1987–1999.



Mynd 3.3 Heildarlosun koltvísýrings frá brengslu eldsneytis 1987–1999.





Mynd 3.4 Losun koltvísýrings frá brennslu eldsneytis 1987-1999.

## ELDSNEYTISNOTKUN INNANLANDS 1999


Notkun eldsneytis innanlands 1999 var sem hér segir, eftir eldsneytistegundum, mæld í þyngd (kt) og orkuinnihaldi (ktoí, þúsundum tonna að olíuá gildi):

Tegund	Þyngd kt	Orka ktoí
Bensín	144,7	148,3
Flugvélabensín	1,2	1,2
Þotueldsneyti	8,8	9,0
Steinolía	0,2	0,2
Gasolía	373,9	377,8
Svartolía	77,2	76,2
Kol og koks	99,4	68,4
Flöskugas	2,0	2,3
Timburkurl o.fl.	20,9	12,3
Alls	728,3	695,7

Þetta eldsneyti skiptist á helstu flokka notenda sem hér segir:

Tegund	Þyngd kt	Orka ktoí
Húshitun, eldun og sundlaugar	11,4	11,7
Fiskiskip	258,2	260,5
Önnur skip	5,7	5,8
Flugvélar	10,2	10,4
Bílar og tæki	246,9	251,5
Iðnaður	193,5	153,3
Raforkuvinnsla	2,4	2,4
Alls	728,3	695,7

Mynd 3.5 sýnir skiptingu eldsneytisnotkunar innanlands 1999 á helstu notkunarflokkum eldsneytis, mæld í orkuinnihaldi (ktoí, þúsundum tonna að olíuá gildi).



Mynd 3.5 Eldsneytisnotkun innanlands 1999 eftir notkunarflokkum.

## ELDSNEYTISNOTKUN ALLS Í ÍSLENSKUM ÞJÓÐARBÚSKAP 1999


Sökum þess að Íslendingar nota umtalsvert magn eldsneytis í samgöngum milli Íslands og annarra landa, bæði á sjó og í lofti, og vegna umsvifa íslenskra fyrirtækja í sjóflutningum og flugi erlendis er heildarnotkun eldsneytis í íslenskum þjóðarbúskap nokkuð frábrugðin innanlandsnotkuninni, bæði um skiptingu á tegundir eldsneytis og á helstu notkunarflokkum.

Heildarnotkunin 1999 var sem hér segir, í þúsundum tonna (kt) af eldsneyti og þúsundum tonna (ktoí) að olíuígildi af orku:

Tegund	Þyngd kt	Orka ktoí
Bensín	144,7	148,3
Flugvélabensín	1,2	1,2
Potueldsneyti	177,8	181,8
Steinolía	0,2	0,2
Gasolía	384,2	388,2
Svartolía	134,2	132,4
Kol og koks	99,4	68,4
Flöskugas	2,0	2,3
Timburkurl o.fl.	20,9	12,3
Alls	964,6	935,0


Skiptingin á helstu notkunarflokkum var þannig:

Tegund	Þyngd kt	Orka ktoí
Húshitun, eldun og sundlaugar	11,4	11,7
Fiskiskip	258,2	260,5
Önnur skip	73,0	72,4
Flugvélar	179,2	183,2
Bílar og tæki	246,9	251,5
Iðnaður	193,5	153,3
Raforkuvinnsla	2,4	2,4
Alls	964,6	935,0



Mynd 3.6 Heildarnotkun eldsneytis í íslenskum þjóðarbúskap 1999 eftir tegundum eldsneytis.

Mynd 3.6 sýnir heildarnotkun eldsneytis í íslenskum þjóðarbúskap 1999 eftir tegundum eldsneytis og mynd 3.7 sýnir hana eftir helstu notkunarflokkum. Skiptingin miðast við orkuinnihald eldsneytisins (ktoí).



Mynd 3.7 Heildarnotkun eldsneytis í íslenskum þjóðarbúskap 1999 eftir helstu notkunarflokkum.

# Töfluyfirlit

## Raforkuvinnsla

1.1	Yfirlit yfir afl og orkuvinnslu almenningsrafstöðva 1904–1999	18
1.2	Afl, mesta álag og orkuvinnsla almenningsrafstöðva 1999	20
1.3	Raforkuvinnslufyrirtæki 1999	24
1.4	Raforkuðflun (MWh) dreifiveitna og stóriðjufyrirtækja eftir orkuveitusvæðum aðveitustöðva í meginflutningskerfinu 1999	25
1.5	Vatnsaflsvirkjanir og miðlunarlón 1999	28

## Raforkusala

2.1	Raforkuvinnsla, flutningstöp, stórnotkun og almenn notkun 1998 og 1999	29
2.2	Almenn raforkunotkun 1998 og 1999 við meðallagsloftþita	29
2.3	Sala Landsvirkjunar (MWh) í heildsölu og til stórnotenda á raforku 1999 eftir mánuðum, sölustöðvum, kaupendum og söluflokkum	30
2.4	Sala á forgangsortku í heildsölu 1999 eftir seljendum og kaupendum	34
2.5	Sala til almennra nota á ótryggðri raforku (MWh) og samkvæmt sérsamningum 1999	35
2.6	Raforkusala (MWh) til endanlegra notenda 1999 eftir notkunarflokkum, yfirlit	34
2.7	Raforkusala (MWh) til endanlegra notenda 1999 eftir notkunarflokkum	36
2.8	Raforkusala (MWh) eftir landshlutum og notkunarflokkum 1999	42
2.9	Raforkusala raforkufyrirtækja 1999 í þús. kr.	44
2.10	Rafveitur, almennar upplýsingar í árslok 1999	44

## Raforkuverð

3.1	Heildsöluverð á raforku til rafveitna í árslok 1999	45
3.2	Meðalverð á raforku frá Landsvirkjun 1999	45
3.3	Smásöluverð á raforku í árslok 1999	46
3.4	Samanburður á raforkuverðum í árslok 1999 í kr/kWh	46

## Flutningskerfi raforku

4.1	Lengd flutningskerfis raforku 1999 í km	47
-----	---	----

## Hitaveitur

5.1	Hitaveitur, almennar upplýsingar í árslok 1999	48
5.2	Hitaveitur, vinnslu- og aðveitukerfi í árslok 1999	49
5.3	Hitaveitur, dreifikerfi og dælustöðvar í árslok 1999	50
5.4	Rekstur hitaveitna 1999	51
5.5	Vatnssala hitaveitna 1999 eftir notkunarflokkum	52
5.6	Upplýsingar um einkahitaveitur 1999	54
5.7	Gjaldskrár hitaveitna í apríl 1999	55

## Eldsneyti

6.1	Heildarnotkun á eldsneyti í íslenskum þjóðarbúskap 1987–1999. Þyngd í tonnum	56
6.2	Heildarnotkun á eldsneyti í íslenskum þjóðarbúskap 1987–1999. Orka í terajúlum (TJ)	56
6.3	Heildarnotkun á eldsneyti í íslenskum þjóðarbúskap 1987–1999 Orka í þúsundum tonna að olíuálgildi (ktoí)	57
6.4	Losun á koltvísyringi vegna notkunar eldsneytis í íslenskum þjóðarbúskap 1987–1999 Þúsundir tonna (kt) af CO <sub>2</sub>	58
6.5	Eldsneytisnotkun Íslendinga innanlands 1999 eftir tegundum og notkunarflokkum	58
6.6	Eldsneytisnotkun í millilandasamgöngum 1999 eftir tegundum og notkunarflokkum	59
6.7	Eldsneytisnotkun í íslenskum þjóðarbúskap 1999 eftir tegundum og notkunarflokkum	59
6.8	Innflutningur á eldsneyti 1987–1999. Þyngd í tonnum	60
6.9	Eldsneytissala í heild á Íslandi 1987–1999. Þyngd í tonnum	60
6.10	Eldsneytissala til innlendra aðila 1987–1999. Þyngd í tonnum	62
6.11	Eldsneytissala á Íslandi til erlendra aðila 1987–1999. Þyngd í tonnum	62
6.12	Eldsneytiskaup íslenskra skipa og flugvéla erlendis 1987–1999. Þyngd í tonnum	62

## Frumorka

7.1	Frumorkunotkun á Íslandi 1990–1999 í þúsundum tonna að olíuálgildi (ktoí)	63
7.2	Frumorkunotkun á Íslandi 1990–1999 í petajúlum (PJ)	63

Tafla 1.1 Yfirlit yfir afl og orkuvinnslu almenningsrafstöðva 1904–1999

Ár	Ástimplað afl í árslok				Raforkuvinnsla			
	Vatnsorka MW	Jarðhiti MW	Eldsneyti MW	Samtals MW	Vatnsorka GWh	Jarðhiti GWh	Eldsneyti GWh	Samtals GWh
1904	0,009	.	-	0,009	...	.	-	...
1905	0,009	.	-	0,009	...	.	-	...
1906	0,037	.	-	0,037	...	.	-	...
1907	0,037	.	-	0,037	...	.	-	...
1908	0,037	.	-	0,037	...	.	-	...
1909	0,037	.	-	0,037	...	.	-	...
1910	0,037	.	-	0,037	...	.	-	...
1911	0,052	.	-	0,052	...	.	-	...
1912	0,052	.	-	0,052	...	.	-	...
1913	0,126	.	-	0,126	...	.	-	...
1914	0,126	.	-	0,126	...	.	-	...
1915	0,126	.	0,035	0,161	...	.	0,04	...
1916	0,126	.	0,035	0,161	...	.	0,05	...
1917	0,126	.	0,035	0,161	...	.	0,05	...
1918	0,194	.	0,035	0,229	...	.	0,05	...
1919	0,244	.	0,046	0,290	...	.	0,07	...
1920	0,244	.	0,111	0,355	0,5	.	0,2	0,7
1921	1,3	.	0,1	1,4	1,2	.	0,2	1,4
1922	1,5	.	0,2	1,7	3,7	.	0,3	4,0
1923	2,2	.	0,2	2,4	5,9	.	0,3	6,2
1924	2,2	.	0,2	2,4	7,5	.	0,4	7,9
1925	2,2	.	0,3	2,5	7,6	.	0,4	8,0
1926	2,2	.	0,3	2,5	7,1	.	0,5	7,6
1927	2,2	.	0,4	2,6	6,3	.	0,6	6,9
1928	2,2	.	0,5	2,7	6,2	.	0,7	6,9
1929	2,3	.	0,5	2,8	6,3	.	0,8	7,1
1930	2,4	.	0,6	3,0	7,5	.	0,9	8,4
1931	2,4	.	0,7	3,1	7,4	.	1,1	8,5
1932	2,4	.	0,7	3,1	7,8	.	1,1	8,9
1933	3,9	.	0,8	4,7	9,1	.	1,2	10,3
1934	4,1	.	0,9	5,0	9,9	.	1,3	11,2
1935	4,1	.	0,9	5,0	10,8	.	1,3	12,1
1936	4,1	.	1,2	5,3	11,4	.	1,8	13,2
1937	13,6	.	1,1	14,7	14,3	.	1,7	16,0
1938	13,6	.	1,1	14,7	22,4	.	1,6	24,0
1939	15,3	.	1,1	16,4	30,0	.	1,6	31,6
1940	15,4	.	1,1	16,5	45,0	.	1,6	46,6
1941	15,4	.	1,1	16,5	57,0	.	1,6	58,6
1942	15,4	.	1,1	16,5	72,0	.	1,7	73,7
1943	15,6	.	1,4	17,0	86,0	.	2,1	88,1
1944	24,3	.	1,7	26,0	89,0	.	2,6	91,6
1945	25,9	.	2,0	27,9	99,0	.	2,9	101,9
1946	26,4	.	2,2	28,6	118,0	.	3,3	121,3
1947	29,9	.	2,3	32,2	136,0	.	4,8	140,8
1948	29,9	.	10,7	40,6	153,0	.	10,0	163,0
1949	30,8	.	12,4	43,2	160,0	.	20,1	180,1
1950	30,8	.	13,4	44,2	167,0	.	26,4	193,4
1951	30,8	.	14,0	44,8	170,0	.	39,6	209,6
1952	30,8	.	14,1	44,9	175,5	.	39,4	214,9
1953	70,7	.	14,0	84,7	197,5	.	31,7	229,2

Tafla 1.1 Yfirlit yfir afl og orkuvinnslu almenningsrafstöðva 1904–1999 (frh.)

Ár	Ástimplað afl í árslok				Raforkuvinnsla			
	Vatnsorka MW	Jarðhiti MW	Eldsneyti MW	Samtals MW	Vatnsorka GWh	Jarðhiti GWh	Eldsneyti GWh	Samtals GWh
1954	73,1	.	14,1	87,2	326,5	.	11,6	338,1
1955	73,1	.	14,3	87,4	378,9	.	11,9	390,8
1956	73,1	.	15,3	88,4	405,5	.	11,8	417,3
1957	73,1	.	15,8	88,9	414,6	.	13,0	427,6
1958	78,7	.	16,4	95,1	430,6	.	14,9	445,5
1959	105,0	.	16,4	121,4	470,1	.	14,0	484,1
1960	105,0	.	17,0	122,0	522,9	.	13,1	536,0
1961	105,0	.	22,9	127,9	576,1	.	12,5	588,6
1962	104,9	.	23,6	128,5	592,9	.	13,1	606,0
1963	121,7	.	24,9	146,6	629,0	.	11,6	640,6
1964	122,7	.	26,6	149,3	653,1	.	12,6	665,7
1965	122,7	.	31,2	153,9	640,7	.	22,1	662,8
1966	122,7	.	45,4	168,1	623,9	.	43,7	667,6
1967	122,7	.	47,3	170,0	664,5	.	31,4	695,9
1968	122,7	.	48,2	170,9	686,9	.	31,7	718,6
1969	243,7	2,6	86,8	333,1	860,1	1,9	41,3	903,3
1970	243,8	2,6	87,7	334,1	1.412,9	12,1	35,4	1.460,4
1971	283,8	2,6	87,9	374,3	1.539,6	12,1	40,2	1.591,9
1972	363,8	2,6	87,8	454,2	1.702,6	21,7	43,5	1.767,8
1973	376,0	2,6	90,0	468,6	2.181,0	24,2	80,2	2.285,4
1974	376,0	2,6	96,7	475,3	2.258,2	7,7	76,6	2.342,5
1975	389,0	2,6	104,2	495,8	2.205,6	18,4	71,5	2.295,5
1976	391,9	2,6	108,2	502,7	2.349,5	19,0	52,9	2.421,4
1977	491,9	2,6	112,5	607,0	2.519,7	16,1	66,1	2.601,9
1978	541,9	7,5	113,1	662,5	2.605,0	18,3	50,5	2.673,8
1979	541,9	7,5	115,2	664,6	2.819,1	45,6	54,4	2.919,1
1980	541,9	12,0	116,4	670,3	3.053,2	44,7	44,7	3.142,6
1981	611,9	17,0	119,9	748,8	3.084,5	123,1	50,3	3.257,9
1982	751,9	26,7	125,8	904,4	3.407,1	159,1	8,6	3.574,8
1983	751,9	29,2	126,8	907,9	3.587,9	171,7	6,4	3.766,0
1984	751,9	39,2	125,7	916,8	3.737,9	173,2	3,1	3.914,2
1985	751,9	41,2	128,2	921,3	3.662,9	171,2	3,3	3.837,4
1986	751,9	41,2	129,2	922,3	3.841,8	212,3	3,7	4.057,8
1987	751,9	41,2	128,8	921,9	3.914,0	234,1	3,9	4.152,0
1988	751,9	41,2	129,9	923,0	4.164,6	245,6	5,7	4.415,9
1989	751,9	44,8	131,8	928,5	4.213,2	257,5	4,5	4.475,2
1990	751,9	44,8	116,1	912,8	4.158,8	282,9	5,5	4.447,2
1991	774,5	44,8	117,5	936,8	4.153,7	267,0	6,0	4.426,7
1992	874,5	44,8	119,7	1.039,0	4.305,7	229,8	5,0	4.540,5
1993	874,5	49,6	119,5	1.043,6	4.462,4	254,3	4,1	4.720,8
1994	879,5	50,1	121,8	1.051,4	4.510,5	259,6	3,8	4.773,9
1995	879,5	50,1	120,2	1.049,8	4.678,2	290,2	8,4	4.976,9
1996	879,5	50,1	120,9	1.050,6	4.763,8	345,9	3,4	5.113,1
1997	919,5	80,1	120,3	1.120,0	5.202,7	375,3	3,0	5.581,0
1998	939,5	140,1	119,8	1.199,5	5.617,0	655,0	3,9	6.275,8
1999	999,5	170,1	121,1	1.290,7	6.043,2	1.138,0	4,2	7.185,4

Tafla 1.2 Afl, mesta úlag og orkuvinnsla almenningsrafstöðva 1999

Rafstöðvar	Ástimplað afl 31.12.99 kW	Úlag 1999 kW	Jan.	Febr.	Mars	Apríl	Mai	Júní
			MWh	MWh	MWh	MWh	MWh	MWh
<b>Alls</b>	<b>1.290.722</b>	.	<b>575.015</b>	<b>573.639</b>	<b>647.909</b>	<b>584.783</b>	<b>586.384</b>	<b>575.596</b>
<b>Aukning frá fyrra ári í %</b>	.	.	<b>3,8</b>	<b>9,9</b>	<b>11,2</b>	<b>11,4</b>	<b>16,0</b>	<b>18,3</b>
<b>1 Vatnsorka</b>	<b>999.534</b>	.	<b>471.429</b>	<b>480.060</b>	<b>544.726</b>	<b>485.331</b>	<b>487.423</b>	<b>508.872</b>
1 Sigalda	150.000	156.480	67.924	66.839	88.916	86.092	60.559	59.541
2 Hrauneyjafoss	210.000	243.900	96.546	102.433	127.734	123.816	91.173	92.866
3 Sultartangi	60.000	66.000	-	-	-	-	-	-
4 Búrfell	270.000	281.660	157.019	159.749	189.650	161.147	185.262	191.448
5 Steingrímsstöð	26.400	25.980	10.938	11.316	10.718	10.120	11.891	11.846
6 Írafoss	47.800	67.600	22.397	22.468	22.347	20.715	16.361	21.656
7 Ljósafoss	14.600	14.060	9.734	8.890	9.858	9.109	9.389	8.616
8 Elliðaár	3.160	3.250	-	-	-	-	-	-
9 Andakill	7.920	8.356	1.198	3.661	2.069	2.944	3.868	4.222
10 Rjúkandi	840	953	680	585	642	620	666	662
11 Mjólka	8.100	8.167	3.120	3.163	3.422	3.984	5.432	5.526
12 Reiðhjalli	520	515	34	31	23	17	181	312
13 Fossar	1.160	595	174	86	47	87	466	615
14 Sængurfoss	720	...	60	110	67	72	48	27
15 Blævardalsá	200	...	34	18	33	19	71	104
16 Mýrará	60	...	7	12	9	9	8	14
17 Þverá	1.736	1.252	186	589	399	346	586	863
18 Laxárvatn	480	467	138	272	257	293	309	290
19 Blanda	150.000	156.600	82.657	78.028	68.785	48.349	72.464	81.646
20 Gönguskarðsá	1.064	1.142	562	666	444	456	757	476
21 Skeiðsfoss	4.900	4.825	1.434	2.700	2.021	255	1.516	2.649
22 Garðsá	174	118	-	-	-	-	-	-
23 Laxá	28.000	25.530	10.780	12.404	13.433	12.404	17.466	16.880
24 Lagarfoss	7.500	8.310	4.347	3.863	2.679	3.004	5.519	5.326
25 Fjarðará	160	219	99	57	29	45	116	46
26 Grímsá	2.800	3.210	961	1.168	609	1.026	2.305	2.208
27 Búðará	240	180	68	55	32	51	79	86
28 Smyrlabjargaá	1.000	1.383	333	895	503	353	932	947
<b>2 Jarðvarmi</b>	<b>170.100</b>	.	<b>102.803</b>	<b>93.176</b>	<b>102.661</b>	<b>99.200</b>	<b>98.840</b>	<b>66.401</b>
1 Nesjavellir	60.000	62.977	45.482	41.101	44.340	42.984	44.682	43.220
2 Svartsengi	46.400	43.369	11.526	10.437	11.484	10.339	9.340	6.048
3 Reykjanes	500	323	173	168	177	164	189	218
4 Námafjall	3.200	2.840	1.758	1.584	1.808	1.514	1.654	1.706
5 Krafla	60.000	62.930	43.864	39.886	44.853	44.199	42.975	15.208
<b>3 Eldsneyti</b>	<b>121.088</b>	.	<b>784</b>	<b>404</b>	<b>521</b>	<b>251</b>	<b>121</b>	<b>323</b>
1 Kirkjubæjarkl.	700	360	1	0	1	1	-	0
2 Vík í Mýrdal	1.025	724	6	7	-	1	1	-
3 Hvolsvöllur	325	334	-	1	-	-	18	-
4 Vestmannaeyjar	5.370	...	12	105	7	10	-	15
5 Selfoss	800	...	12	37	-	-	-	-
6 Grindavík	1.200	...	7	32	30	-	-	-
7 Straumsvík	35.000	2.730	-	-	3	1	-	2
8 Hafnarfjörður	1.080	2.123	69	18	2	2	-	-
9 Akranes	1.200	...	-	22	-	-	-	-
10 Ólafsvík	3.628	1.323	2	2	1	1	1	2
11 Grundarfjörður	800	375	0	0	0	0	0	0
12 Stykkishólmur	1.490	270	0	0	0	0	0	1
13 Búðardalur	500	388	0	-	-	-	-	0
14 Flatey	60	...	10	6	8	5	8	11
15 Reykhólar	700	...	8	0	4	-	-	16

Raforkuvinnsla								Nýting h
Júlí MWh	Ágúst MWh	Sept. MWh	Okt. MWh	Nóv. MWh	Des. MWh	Alls MWh	Aukn. frá 98 %	
<b>574.910</b>	<b>569.279</b>	<b>575.966</b>	<b>604.529</b>	<b>635.384</b>	<b>681.992</b>	<b>7.185.386</b>	<b>14,5</b>	.
<b>11,3</b>	<b>13,1</b>	<b>21,3</b>	<b>14,2</b>	<b>19,4</b>	<b>25,5</b>	<b>14,5</b>	.	.
<b>487.794</b>	<b>475.166</b>	<b>516.694</b>	<b>505.259</b>	<b>521.664</b>	<b>558.821</b>	<b>6.043.239</b>	<b>7,6</b>	.
47.818	51.017	62.858	56.829	61.497	76.708	786.597	6,0	5.027
74.625	78.243	91.528	89.106	92.377	113.569	1.174.016	5,1	4.814
-	-	-	-	18.801	41.849	60.650	.	919
204.225	196.622	200.440	187.028	188.223	173.947	2.194.761	11,7	7.792
11.452	10.294	9.960	9.575	9.385	9.637	127.132	14,2	4.893
23.752	18.892	21.974	24.611	23.210	24.074	262.457	-0,4	3.883
9.900	9.067	8.641	9.704	9.730	9.650	112.290	0,9	7.986
-	-	-	419	500	545	1.464	-54,6	450
2.477	1.393	2.337	4.017	3.421	1.141	32.748	17,1	3.919
693	696	673	696	673	672	7.958	-1,6	8.350
6.115	5.901	5.871	5.868	5.711	3.828	57.941	1,1	7.094
352	332	286	240	225	126	2.158	33,2	4.191
628	649	489	442	447	320	4.451	-0,9	7.481
42	45	56	66	85	47	725	0,9	...
78	88	77	69	68	69	729	-13,1	...
26	25	19	6	14	21	170	-36,8	...
844	612	120	334	547	206	5.632	28,7	4.499
250	221	218	206	236	259	2.949	-4,7	6.315
76.292	75.639	88.573	90.280	81.938	82.814	927.465	1,8	5.923
765	714	756	782	752	667	7.796	-1,7	6.826
2.943	2.909	2.184	2.164	2.400	1.226	24.400	16,9	5.057
-	-	-	-	-	29	29	-70,8	247
15.910	14.621	11.375	13.626	13.753	14.382	167.034	3,3	6.543
5.640	5.988	5.576	5.932	5.495	2.191	55.560	-10,9	6.686
-	-	-	-	-	-	392	-66,9	1.791
2.251	613	1.753	2.192	1.521	612	17.219	-17,1	5.364
85	82	76	81	68	40	802	-0,2	4.455
633	504	852	988	587	190	7.716	-13,3	5.579
<b>86.961</b>	<b>93.900</b>	<b>59.076</b>	<b>98.990</b>	<b>113.573</b>	<b>122.395</b>	<b>1.137.977</b>	<b>73,7</b>	.
44.996	42.154	7.641	41.959	43.256	44.497	486.312	383,8	7.722
6.201	7.153	8.086	9.796	24.768	32.238	147.417	19,6	3.399
204	173	208	184	212	240	2.310	-0,5	...
1.099	1.832	1.305	1.561	1.420	827	18.066	-19,7	6.361
34.462	42.588	41.837	45.489	43.918	44.593	483.872	19,1	7.689
<b>155</b>	<b>213</b>	<b>196</b>	<b>280</b>	<b>147</b>	<b>776</b>	<b>4.170</b>	.	.
-	-	0	0	0	0	3	41,8	8
8	0	1	0	-	0	25	22,9	34
0	-	-	-	-	1	20	.	60
5	14	-	-	8	22	198	-32,9	...
-	-	-	-	2	12	63	48,8	...
-	-	-	-	-	-	70	3.298,0	...
-	-	2	5	1	-	14	-70,2	...
-	0	-	18	22	200	330	207,0	156
-	-	-	-	-	13	35	-50,0	...
2	1	1	2	2	1	17	-90,2	13
0	0	0	0	-	1	3	-51,3	8
0	0	0	0	0	0	5	-67,0	18
1	-	-	-	-	0	1	-31,9	3
10	10	6	9	9	9	102	-8,8	...
-	-	-	0	0	0	28	-33,3	...

Tafla 1.2 Afl, mesta úlag og orkuvinnsla almenningsrafstöðva 1999 (frh.)

Rafstöðvar	Ástimplað afl 31.12.99 kW	Úlag 1999 kW	Jan.	Febr.	Mars	Apríl	Mai	Júní
			MWh	MWh	MWh	MWh	MWh	MWh
16 Patreksfjörður	3.000	...	63	0	108	-	-	0
17 Tálknafjörður	420	...	6	-	14	-	-	-
18 Bíldudalur	950	...	19	-	36	-	-	-
19 Þingeyri	1.500	...	13	5	55	8	0	-
20 Flateyri	990	...	8	3	7	2	0	-
21 Suðureyri	780	...	10	0	1	-	-	-
22 Bolungarvík	3.310	...	61	-	32	-	-	94
23 Ísafjörður	5.000	...	73	-	22	-	-	71
24 Súðavík	1.180	...	12	-	32	-	2	-
25 Reykjanes	620	...	78	22	72	61	16	0
26 Dranganes	420	...	11	1	5	-	-	5
27 Hólmavík	1.250	...	47	-	1	1	-	47
28 Hvammstangi	450	480	0	0	0	-	0	0
29 Skagaströnd	1.460	2.570	-	-	-	-	-	-
30 Sauðárkrúkur	200	...	-	-	-	-	-	0
31 Hofsóss	800	494	5	0	0	-	-	0
32 Sjúglufjörður	2.250	1.753	2	-	6	8	-	0
33 Ólafsfjörður	450	299	-	-	0	0	1	0
34 Grímsey	415	139	56	50	58	50	46	52
35 Hrísey	500	150	-	-	0	0	0	1
36 Grenivík	800	360	-	1	-	-	-	-
37 Akureyri, LV	7.000	...	-	-	-	-	6	-
38 Akureyri	7.000	...	49	10	7	-	-	-
39 Varastöð	400	164	-	-	-	-	-	-
40 Húsavík	1.140	...	1	1	1	0	1	-
41 Raufarhöfn	1.376	1.278	12	29	0	-	6	-
42 Þórshöfn	2.000	1.795	6	3	-	-	10	-
43 Bakkafjörður	665	508	4	0	-	0	2	-
44 Vopnafjörður	2.980	1.558	0	1	1	0	1	0
45 Bakkagerði	700	940	1	0	0	99	-	0
46 Seyðisfjörður	2.600	1.715	3	3	1	-	-	1
47 Mjóifjörður	260	143	15	1	6	-	-	1
48 Neskaupstaður	5.860	3.897	103	0	1	0	0	1
49 Reyðarfjörður	690	...	-	37	-	-	-	-
50 Egilsstaðir	704	339	-	-	-	-	-	0
51 Fáskrúðsfjörður	1.700	1.549	1	-	-	-	1	-
52 Stöðvarfjörður	960	371	0	-	-	-	0	-
53 Breiðdalsvík	700	490	0	0	-	-	-	1
54 Djúpvogur	1.010	842	-	1	0	-	-	0
55 Höfn í Hornafirði	2.720	1.485	-	4	-	-	-	2



Raforkuvinnsla								Aukn. frá 98 %	Nýting h
Júli MWh	Ágúst MWh	Sept. MWh	Okt. MWh	Nóv. MWh	Des. MWh	Alls MWh			
7	0	23	69	1	40	311	44,0	...	
-	-	0	12	-	5	37	694,9	...	
1	-	3	23	-	13	94	510,4	...	
0	0	1	0	-	0	82	92,0	...	
-	3	3	3	0	0	30	-39,4	...	
-	-	-	0	-	-	11	78,8	...	
-	36	-	1	-	3	228	-14,3	...	
-	87	-	-	3	0	256	-40,3	...	
-	-	-	4	1	11	62	-47,4	...	
-	0	-	14	17	34	314	241,7	...	
-	1	-	0	1	0	25	6,5	...	
-	0	-	6	4	-	106	8,0	...	
-	0	0	0	0	0	1	-16,1	3	
4	2	1	1	1	1	10	46,8	4	
-	-	-	-	-	0	0	-94,0	...	
-	0	-	0	-	0	6	181,3	11	
0	-	-	-	-	0	17	-85,3	10	
0	0	0	0	0	0	2	314,5	7	
52	54	54	54	54	55	634	10,1	...	
0	0	0	0	0	0	1	-73,8	10	
-	-	-	-	-	1	1	-90,5	...	
-	-	-	-	-	-	6	-40,0	...	
-	-	-	-	-	253	319	.	...	
-	-	-	-	-	0	0	-99,6	1	
-	-	1	0	0	75	80	358,5	...	
-	-	7	17	-	3	73	-15,2	57	
0	1	33	23	-	7	82	-49,0	46	
-	0	4	4	1	1	17	109,3	33	
3	1	24	-	2	1	33	-57,7	21	
-	-	3	13	5	1	121	313,2	129	
12	-	-	-	2	4	25	-6,7	15	
-	-	-	-	0	-	23	75,4	158	
30	0	31	0	3	0	169	122,4	43	
2	-	-	-	-	-	39	-74,2	...	
-	-	-	-	1	0	1	-97,9	3	
9	-	-	0	0	3	14	-78,1	9	
1	-	-	-	1	-	3	-40,5	8	
-	1	-	-	0	1	3	-24,9	7	
-	-	0	0	1	0	2	-78,5	3	
8	-	-	-	4	1	19	-27,7	13	

Tafla 1.3 Raforkuvinnslufyrirtæki 1999

Raforkufyrirtæki	Ástimplað afl 31.12.99				Raforkuvinnsla					
	Vatnsorka kW	Jarðhiti kW	Olía kW	Alls kW	Vatnsorka MWh	Jarðhiti MWh	Olía MWh	Alls MWh	Alls %	Aukn. frá 98 %
<b>Alls</b>	<b>999.534</b>	<b>170.100</b>	<b>121.088</b>	<b>1.290.722</b>	<b>6.043.239</b>	<b>1.137.977</b>	<b>4.170</b>	<b>7.185.386</b>	<b>100</b>	<b>14,5</b>
<b>%</b>	<b>77,4</b>	<b>13,2</b>	<b>9,4</b>	<b>100,0</b>	<b>84,1</b>	<b>15,8</b>	<b>0,1</b>	<b>100,0</b>		
Landsvirkjun	956.800	63.200	42.000	1.062.000	5.812.401	501.938	20	6.314.360	87,9	8,7
Rafmagnsveitur ríkisins	18.918	-	40.228	59.146	124.018	-	1.332	125.350	1,7	-7,1
Orkubú Vestfjarða	12.496	-	20.180	32.676	71.806	-	1.684	73.490	1,0	3,3
Orkuveita Reykjavíkur	3.160	60.000	-	63.160	1.464	486.312	-	487.775	6,8	370,1 <sup>1)</sup>
Hitaveita Suðurnesja	-	46.900	1.200	48.100	-	149.727	70	149.797	2,1	19,3
Andakílsárvirkjun	7.920	-	-	7.920	32.748	-	-	32.748	0,5	17,1
Rafveita Reyðarfjarðar	240	-	690	930	802	-	39	840	0,0	-11,8
Bæjarveitur Vestm.	-	-	5.370	5.370	-	-	198	198	0,0	-81,8
Selfossvetur	-	-	800	800	-	-	63	63	0,0	48,8
Rafveita Hafnarfjarðar	-	-	1.080	1.080	-	-	330	330	0,0	207,0
Akranesveita	-	-	1.200	1.200	-	-	35	35	0,0	-50,0
Rafveita Akureyrar	-	-	7.000	7.000	-	-	319	319	-	.
Orkuveita Húsavíkur	-	-	1.140	1.140	-	-	80	80	0,0	358,5
Rafveita Sauðárkróks	-	-	200	200	-	-	0	0	0,0	-94,0

<sup>1)</sup> Miðast við samanlagða raforkuvinnslu Hitaveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Reykjavíkur á árinu 1998, en fyrirtækin sameinuðust í Orkuveitu Reykjavíkur 1. janúar 1999. Raforkuvinnsla hófst á Nesjavöllum í september 1998.

**Tafla 1.4 Raforkuöflun (MWh) dreifiveitna og stóriðjufyrirtækja eftir orkuveitusvæðum aðveitustöðva í meginflutningskerfinu 1999**

Aðveitustöð	Fyrirtæki	Unnið á svæðinu	Flutt inn á svæðið	Notað á svæðinu	Flutt út af svæðinu
<b>Alls</b>		<b>7.186.293</b>	<b>6.070.677</b>	<b>6.941.732</b>	<b>6.315.238</b>
<b>Hamranes</b>		<b>150.141</b>	<b>3.047.526</b>	<b>3.181.997</b>	<b>15.670</b>
	Hitaveita Suðurnesja	-	96.362	230.489	15.670
	Hitaveita Suðurnesja, Svartsengi	147.417	-	-	-
	Hitaveita Suðurnesja, Reykjanes	2.310	-	-	-
	Hitaveita Suðurnesja, dísilstöð	70	-	-	-
	Orkuveita Reykjavíkur	-	247.390	247.390	-
	Rafveita Hafnarfjarðar	-	85.012	85.342	-
	Rafveita Hafnarfjarðar, dísilstöð	330	-	-	-
	Landsvirkjun, Straumsvík	14	6.097	6.111	-
	Landsvirkjun, Hamranes	-	271	271	-
	Íslenska álfélagið hf.	-	2.611.504	2.611.504	-
	Fura ehf.	-	890	890	-
<b>Elliðaár</b>		<b>1.464</b>	<b>365.130</b>	<b>366.594</b>	<b>-</b>
	Orkuveita Reykjavíkur	-	362.973	362.973	-
	Orkuveita Reykjavíkur, Elliðaár	1.464	-	1.464	-
	Landsvirkjun ASP (RR – Varastöð)	-	1.214	1.214	-
	Landsvirkjun, Geitháls	-	943	943	-
<b>Korpa</b>		<b>-</b>	<b>306.855</b>	<b>306.780</b>	<b>75</b>
	Orkuveita Reykjavíkur	-	184.406	184.330	75
	Áburðarverksmiðjan hf.	-	122.177	122.177	-
	Notkun í aðveitustöð	-	272	272	-
<b>Brennimelur</b>		<b>-</b>	<b>1.607.088</b>	<b>1.607.088</b>	<b>-</b>
	Rafmagnsveitur ríkisins	-	57.187	57.187	-
	Íslenska járnblendifélagið hf.	-	671.370	671.370	-
	Norðurál hf.	-	878.338	878.338	-
	Notkun í aðveitustöð	-	193	193	-
<b>Vatnshamrar</b>		<b>40.765</b>	<b>86.833</b>	<b>127.598</b>	<b>-</b>
	Rafmagnsveitur ríkisins	-	86.770	86.770	-
	Andakilsárvirkjun	32.748	-	32.748	-
	Akranesveita, dísilstöð	35	-	35	-
	Rafmagnsveitur ríkisins, Rjúkandi	7.958	-	7.958	-
	Rafmagnsveitur ríkisins, dísilstöðvar	25	-	25	-
	Notkun í aðveitustöð	-	63	63	-
<b>Glerárskógar</b>		<b>1</b>	<b>17.406</b>	<b>17.407</b>	<b>-</b>
	Rafmagnsveitur ríkisins	-	17.349	17.349	-
	Rafmagnsveitur ríkisins, Búðardalur	1	-	1	-
	Notkun í aðveitustöð	-	57	57	-
<b>Flatey <sup>1)</sup></b>		<b>102</b>	<b>-</b>	<b>102</b>	<b>-</b>
	Orkubú Vestfjarða	102	-	102	-
<b>Geiradalur</b>		<b>5.790</b>	<b>17.113</b>	<b>22.903</b>	<b>-</b>
	Orkubú Vestfjarða	-	17.034	17.034	-
	Orkubú Vestfjarða, Þverá	5.632	-	5.632	-
	Orkubú Vestfjarða, dísilstöðvar	158	-	158	-
	Notkun í aðveitustöð	-	78	78	-

**Tafla 1.4 Raforkuöflun (MWh) dreifiveitna og stóriðjufyrirtækja eftir orkuveitusvæðum aðveitustöðva í meginflutningskerfinu 1999 (frh.)**

Aðveitustöð	Fyrirtæki	Unnið á svæðinu	Flutt inn á svæðið	Notað á svæðinu	Flutt út af svæðinu
<b>Mjólká</b>		<b>65.660</b>	<b>116.570</b>	<b>182.230</b>	-
	Orkubú Vestfjarða	-	116.570	116.570	-
	Orkubú Vestfjarða, Mjólkárverkjun	57.941	-	57.941	-
	Orkubú Vestfjarða, Fossa- og Nónhornsvatn	4.451	-	4.451	-
	Orkubú Vestfjarða, Reiðhjalli	2.158	-	2.158	-
	Orkubú Vestfjarða, dísilstöðvar	1.110	-	1.110	-
<b>Inndjúp<sup>1)</sup></b>		<b>1.938</b>	-	<b>1.938</b>	-
	Orkubú Vestfjarða, Sængurfoss	725	-	725	-
	Orkubú Vestfjarða, Blævardalsá	729	-	729	-
	Orkubú Vestfjarða, Mýrará	170	-	170	-
	Orkubú Vestfjarða, Reykjanes	314	-	314	-
<b>Hrútatunga</b>		<b>1</b>	<b>14.988</b>	<b>14.989</b>	-
	Rafmagnsveitur ríkisins	-	14.919	14.919	-
	Rafmagnsveitur ríkisins, Hvammstangi	1	-	1	-
	Notkun í aðveitustöð	-	69	69	-
<b>Laxárvatn</b>		<b>2.959</b>	<b>30.452</b>	<b>33.411</b>	-
	Rafmagnsveitur ríkisins	-	30.437	30.437	-
	Rafmagnsveitur ríkisins, Laxárvatnsvirkjun	2.949	-	2.949	-
	Rafmagnsveitur ríkisins, Skagaströnd	10	-	10	-
	Notkun í aðveitustöð	-	15	15	-
<b>Blanda</b>		<b>927.465</b>	-	<b>10.013</b>	<b>917.452</b>
	Landsvirkjun, Blanda	927.465	-	9.395	917.452
	Rafmagnsveitur ríkisins	-	-	618	-
<b>Varmahlíð</b>		<b>8.708</b>	<b>50.893</b>	<b>59.601</b>	-
	Rafmagnsveitur ríkisins	-	50.798	50.798	-
	Rafmagnsveitur ríkisins, Gönguskarðsá	7.796	-	7.796	-
	Rafmagnsveitur ríkisins, Hofsó	6	-	6	-
	Rafveita Sauðárkróks	0	-	0	-
	Sleitustaðavirkjun <sup>2)</sup>	907	45	952	-
	Notkun í aðveitustöð	-	49	49	-
<b>Rangárvellir við Akureyri</b>		<b>24.775</b>	<b>184.865</b>	<b>209.640</b>	-
	Landsvirkjun, Akureyri	6	395	401	-
	Rafveita Akureyrar	319	122.198	122.517	-
	Rafmagnsveitur ríkisins	-	62.273	62.273	-
	Rafmagnsveitur ríkisins, Skeiðsfoss	24.400	-	24.400	-
	Rafmagnsveitur ríkisins, Garðsá	29	-	29	-
	Rafmagnsveitur ríkisins, dísilstöðvar	21	-	21	-
<b>Grímsey<sup>1)</sup></b>		<b>634</b>	-	<b>634</b>	-
	Rafmagnsveitur ríkisins	634	-	634	-
<b>Laxá</b>		<b>167.287</b>	-	<b>79.755</b>	<b>87.532</b>
	Landsvirkjun, Laxá	167.034	-	1.418	87.532
	Rafmagnsveitur ríkisins	-	-	78.084	-
	Rafmagnsveitur ríkisins, dísilstöðvar	173	-	173	-
	Orkuveita Húsavíkur, Húsavík	80	-	80	-

**Tafla 1.4 Raforkuöflun (MWh) dreifiveitna og stóriðjufyrirtækja eftir orkuveitusvæðum aðveitustöðva í meginflutningskerfinu 1999 (frh.)**

Aðveitustöð	Fyrirtæki	Unnið á svæðinu	Flutt inn á svæðið	Notað á svæðinu	Flutt út af svæðinu
<b>Krafla</b>		<b>501.938</b>	-	<b>30.909</b>	<b>471.029</b>
	Rafmagnsveitur ríkisins	-	-	16.910	-
	Landsvirkjun, Bjarnarflag	18.066	-	10	-
	Landsvirkjun, Krafla	483.872	-	13.990	471.029
<b>Hryggstekkur</b>		<b>74.397</b>	<b>145.037</b>	<b>219.434</b>	-
	Rafmagnsveitur ríkisins	-	144.992	144.992	-
	Rafmagnsveitur ríkisins, Lagarfoss	55.560	-	55.560	-
	Rafmagnsveitur ríkisins, Grímsá	17.219	-	17.219	-
	Rafmagnsveitur ríkisins, Fjarðará	392	-	392	-
	Rafveita Reyðarfjarðar, Búðará	802	-	802	-
	Rafmagnsveitur ríkisins, dísilstöðvar	386	-	386	-
	Rafveita Reyðarfjarðar, Reyðarfjörður	39	-	39	-
	Notkun í aðveitustöð	-	45	45	-
<b>Teigarhorn</b>		<b>8</b>	<b>24.021</b>	<b>24.029</b>	-
	Rafmagnsveitur ríkisins	-	24.021	24.021	-
	Rafmagnsveitur ríkisins, dísilstöðvar	8	-	8	-
<b>Hólar</b>		<b>7.735</b>	<b>45.921</b>	<b>53.656</b>	-
	Rafmagnsveitur ríkisins	-	45.828	45.828	-
	Rafmagnsveitur ríkisins, Smyrlabjargaá	7.716	-	7.716	-
	Rafmagnsveitur ríkisins, Höfn í Hornafirði	19	-	19	-
	Notkun í aðveitustöð	-	93	93	-
<b>Prestbakki</b>		<b>47</b>	<b>9.872</b>	<b>9.920</b>	-
	Rafmagnsveitur ríkisins	-	9.860	9.860	-
	Rafmagnsveitur ríkisins, dísilstövar	47	-	47	-
	Notkun í aðveitustöð	-	12	12	-
<b>Búrfell</b>		<b>4.216.222</b>	-	<b>208.569</b>	<b>4.007.653</b>
	Landsvirkjun, Sigalda	786.597	-	4.966	-
	Landsvirkjun, Hrauneyjafoss	1.174.016	-	4.296	-
	Landsvirkjun, Sultartangi	60.650	-	234	-
	Landsvirkjun, Búrfell	2.194.761	-	6.954	4.007.653
	Rafmagnsveitur ríkisins	-	-	191.921	-
	Bæjarveitur Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum	198	-	198	-
<b>Írafoss</b>		<b>501.942</b>	-	<b>119.127</b>	<b>382.816</b>
	Landsvirkjun, Sogsstöðvar	501.879	-	8.618	382.816
	Rafmagnsveitur ríkisins, Ljósafoss	-	-	108.082	-
	Rafmagnsveitur ríkisins, Jórúkleif	-	-	2.363	-
	Selfossveitur bs.	63	-	63	-
<b>Nesjavellir</b>		<b>486.312</b>	<b>109</b>	<b>53.410</b>	<b>433.010</b>
	Orkuveita Reykjavíkur, Nesjavellir	486.312	109	53.410	433.010

<sup>1)</sup> Aðveitustöð/svæði ekki tengd meginflutningskerfinu.

<sup>2)</sup> Sleitustaðavirkjun er í einkaeigu og er vinnsla hennar ekki meðtalin í öðrum töflum.

Tafla 1.5 Vatnsaflsvirkjanir og miðlunarlón 1999

VirkJun / Miðlunarlón	Ástimplað afl 31.12.99 kW	Orkuvinnslu- geta GWh	Raforkuvinnsla GWh	Miðlunarlón	
				Nýtanlegt rými GJ	Orkuinnihald GWh
<b>Alls</b>	<b>999.534</b>	<b>5.940</b>	<b>6.043</b>	<b>2.566</b>	<b>1.727</b>
Hágöngulón	.	.	.	320,0	246,4
Þjórsárlón/Kvíslavtn	.	.	.	.	.
Þórisvatn	.	.	.	1.330,0	1.024,1
Sigalda / Krókslón	150.000	800	786,6	90,0	69,3
Hrauneyjafoss	210.000	1.035	1.174,0	33,0	19,8
Sultartangi	60.000	425	60,6	109,0	42,3
Búrfell	270.000	2.050	2.194,8	1,0	0
Sogstöðvar	88.800	500	501,9	83,4	14,4
Elliðaár	3.160	4	1,5	2,0	0
Andakíll	7.920	32	32,7	31,7	3,3
Rjúkandi	840	7	8,0	0	0
Mjólka	8.100	49	57,9	4,7	4,5
Reiðhjalli	520	3	2,2	0	0
Fossavatn og Nónhornsvatn	1.160	5	4,5	0,8	0
Sængurfoss	720	2	0,7	0	0
Blævardalsá	200	1	0,7	0	0
Mýrará	60	0	0,2	0	0
Þverá	1.736	4	5,6	9,8	0,9
Laxárdalsvatn	480	4	2,9	28,0	0,7
Blöndulón	.	.	.	410,0	280,0
Blanda/Gilsárlón	150.000	750	927,5	20,0	13,7
Gönguskarðsá	1.064	9	7,8	0	0
Skeiðsfoss	4.900	20	24,4	30,0	4,5
Garðsá	174	1	0,0	0	0
Laxá	28.000	160	167,0	0	0
Lagarfoss	7.500	49	55,6	50,0	2,0
Fjarðará	160	1	0,4	2,0	0
Grímsá	2.800	18	17,2	5,1	0,4
Búðará	240	1	0,8	0	0
Smyrlabjargaá	1.000	10	7,7	5,0	1,1

Tafla 2.1 Raforkuvinnsla, flutningstöp, stórnotkun og almenn notkun 1998 og 1999

Mán.	Raforkuvinnsla			Flutn.töp og eigin notk. LV			Stórnotkun			Almenn notkun		
	1998	1999	Aukn. mán. %	1998	1999	Aukn. mán. %	1998	1999	Aukn. mán. %	1998	1999	Aukn. mán. %
	MWh	MWh	%	MWh	MWh	%	MWh	MWh	%	MWh	MWh	%
<b>Alls</b>	<b>6.275.794</b>	<b>7.185.386</b>	<b>14,5</b>	<b>314.243</b>	<b>304.224</b>	<b>-3,2</b>	<b>3.469.975</b>	<b>4.283.389</b>	<b>23,4</b>	<b>2.491.576</b>	<b>2.597.774</b>	<b>4,3</b>
<b>1. ársfj.</b>	<b>1.658.814</b>	<b>1.796.563</b>	<b>8,3</b>	<b>82.126</b>	<b>62.133</b>	<b>-24,3</b>	<b>845.907</b>	<b>998.017</b>	<b>18,0</b>	<b>730.781</b>	<b>736.413</b>	<b>0,8</b>
Jan.	554.172	575.015	3,8	23.848	19.962	-16,3	288.448	318.965	10,6	241.876	236.088	-2,4
Febr.	521.819	573.639	9,9	31.817	19.439	-38,9	263.978	312.072	18,2	226.024	242.129	7,1
Mars	582.823	647.909	11,2	26.461	22.733	-14,1	293.481	366.981	25,0	262.881	258.195	-1,8
<b>2. ársfj.</b>	<b>1.517.376</b>	<b>1.746.762</b>	<b>15,1</b>	<b>81.718</b>	<b>75.950</b>	<b>-7,1</b>	<b>868.042</b>	<b>1.084.545</b>	<b>24,9</b>	<b>567.616</b>	<b>586.267</b>	<b>3,3</b>
Apríl	525.146	584.783	11,4	33.324	20.290	-39,1	286.161	358.312	25,2	205.661	206.181	0,3
Mái	505.594	586.384	16,0	22.960	22.686	-1,2	291.070	368.589	26,6	191.564	195.109	1,9
Júní	486.637	575.596	18,3	25.434	32.974	29,6	290.811	357.644	23,0	170.392	184.978	8,6
<b>3. ársfj.</b>	<b>1.494.815</b>	<b>1.720.155</b>	<b>15,1</b>	<b>75.944</b>	<b>87.515</b>	<b>15,2</b>	<b>890.690</b>	<b>1.089.409</b>	<b>22,3</b>	<b>528.181</b>	<b>543.231</b>	<b>2,8</b>
Júlí	516.761	574.910	11,3	24.814	25.285	1,9	309.527	369.241	19,3	182.420	180.384	-1,1
Ágúst	503.371	569.279	13,1	29.305	30.015	2,4	307.301	365.614	19,0	166.765	173.649	4,1
Sept.	474.683	575.966	21,3	21.825	32.215	47,6	273.862	354.554	29,5	178.996	189.198	5,7
<b>4. ársfj.</b>	<b>1.604.789</b>	<b>1.921.906</b>	<b>19,8</b>	<b>74.455</b>	<b>78.626</b>	<b>5,6</b>	<b>865.336</b>	<b>1.111.417</b>	<b>28,4</b>	<b>664.998</b>	<b>731.862</b>	<b>10,1</b>
Okt.	529.309	604.529	14,2	26.078	18.614	-28,6	292.822	364.156	24,4	210.409	221.760	5,4
Nóv.	531.935	635.384	19,4	24.484	29.251	19,5	284.622	367.218	29,0	222.829	238.915	7,2
Des.	543.544	681.992	25,5	23.893	30.762	28,7	287.892	380.043	32,0	231.759	271.187	17,0

Tafla 2.2 Almenn raforkunotkun 1998 og 1999 við meðallagslofthita

Mánuður	Almenn notkun			Hitastuðull %/°C	Hitastig			Almenn notkun, leiðrétt		
	1998 MWh	1999 MWh	Aukning mánaðar %		Meðaltal 1949-94 °C	1998 °C	1999 °C	1998 GWh	1999 GWh	Aukning mánaðar %
<b>Alls</b>	<b>2.491.576</b>	<b>2.597.774</b>	<b>4,3</b>		<b>4,50</b>	<b>4,69</b>	<b>4,50</b>	<b>2.497</b>	<b>2.597</b>	<b>4,0</b>
<b>1. ársfj.</b>	<b>730.781</b>	<b>736.413</b>	<b>0,8</b>		<b>0,13</b>	<b>-0,71</b>	<b>-0,71</b>	<b>724</b>	<b>728</b>	<b>0,6</b>
Janúar	241.876	236.088	-2,4	-1,2	-0,58	0,10	0,10	245	238	-3,0
Febrúar	226.024	242.129	7,1	-1,2	0,27	-1,30	-1,30	223	237	6,7
Mars	262.881	258.195	-1,8	-1,3	0,70	-1,00	-1,00	256	252	-1,3
<b>2. ársfj.</b>	<b>567.616</b>	<b>586.267</b>	<b>3,3</b>		<b>6,13</b>	<b>6,17</b>	<b>6,17</b>	<b>575</b>	<b>587</b>	<b>2,1</b>
Apríl	205.661	206.181	0,3	-1,4	2,87	2,80	2,80	209	206	-1,4
Mái	191.564	195.109	1,9	-1,7	6,38	6,70	6,70	192	196	2,0
Júní	170.392	184.978	8,6	-1,8	9,14	9,00	9,00	173	185	6,4
<b>3. ársfj.</b>	<b>528.181</b>	<b>543.231</b>	<b>2,8</b>		<b>9,66</b>	<b>10,25</b>	<b>10,25</b>	<b>534</b>	<b>549</b>	<b>2,8</b>
Júlí	182.420	180.384	-1,1	-1,9	10,80	10,90	10,90	183	181	-1,5
Ágúst	166.765	173.649	4,1	-1,8	10,40	11,30	11,30	169	176	4,1
September	178.996	189.198	5,7	-1,6	7,71	8,50	8,50	181	192	6,0
<b>4. ársfj.</b>	<b>664.998</b>	<b>731.862</b>	<b>10,1</b>		<b>2,01</b>	<b>2,20</b>	<b>2,20</b>	<b>666</b>	<b>734</b>	<b>10,2</b>
Október	210.409	221.760	5,4	-1,4	4,58	5,60	5,60	205	225	9,5
Nóvember	222.829	238.915	7,2	-1,3	1,61	2,00	2,00	225	240	6,9
